



**Skeggjastaðahreppur**

## Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

### Úrdráttur úr fundargerðum

Útgáfa 2      apríl 2004

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

## Fundur 6. apríl 2004

Lesin fundagerð síðasta fundar.

Gengið var frá kauptilboði Eignarhaldsfélags Skeggjastaðahrepps í íbúðarhús í eigu hreppsins.

Áki gerði grein fyrir stöðu undirbúnings áætlaðra framkvæmda í sveitarfélaginu á komandi sumri. Haldnir verða vinnufundir eftir þörfum vegna þeirra.

Kannaðar verða óskir starfsmanna sveitarfélagsins um sumarleyfistíma og verður skipulagt út frá því.

Úttekt á skólastarfi-drög, frá skólaskrifstofu Austurlands. Ekki voru gerðar athugasemdir við drögin.

Sent var þakkarbréf til Sparisjóðs Þórhafnar og nágrennis vegna komu þeirra.

Fundagerðir Barnaverndarnefndar, Skeggjastaðahrepps, Vopnafjarðahrepps og Seyðisfjarðahrepps, sem fram fóru 23. og 31. mars 2004 voru lagðar fram til kynningar.

Eyrún sat fund vegna sameiningu á norðursvæði. Hún kynnti fyrir hreppsnefnd það sem þar fór fram og rætt var um. Almenn umræða var um sameiningarmál.

Hreppsnefnd sendir Olíufélaginu skriflega áskorun um að staðið verði við gefið loforð um opnun sjálfsala á Bakkafirði.

Ákveðið að kaupa tvo staura á tjaldstæðið til að húsbílar og fellihýsi geti verið rafvædd.

Hreppsnefnd mun óska eftir því við fjallskilanefnd Skeggjastaðahrepps að hún kanni hvort lækka megi kostnað og fengið endurgreiðslu hjá þeim sem mögulegt er, vegna fjallskila.